

REGLUR

um breytingu (5) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upphafsmálsliðir 1. mgr. 101. gr. reglna nr. 458/2000 breytast og verða svohljóðandi: Heimspekideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska, táknafræði og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. nóvember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 889

20. nóvember 2001

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 781.257.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 56.230.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2001 og gildir til 31. nóvember 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 20. nóvember 2001.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Telma Halldórsdóttir.

Nr. 890

23. nóvember 2001

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. desember 2001 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið: